

REGLUGERÐ

2

2. jan.

um breyting á reglugerð, útg. 2. ágúst 1941, staðfestri 12. ágúst sama árs, fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 13. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 94 9. júlí 1941, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

1. gr.

Við 5. gr. Í stað vaxtaákvæðisins „4½%“ í upphafi greinarinnar, komi: 4%.

2. gr.

Við 16. gr. Í stað vaxtaákvæðisins „4½%“ í síðari málsgrein, komi: 4%.

Reykjavík, 31. desember 1941.

STJÓRN LANDSBANKA ÍSLANDS

Vilhjálmur Þór. Magnús Sigurðsson.

Reglugerð þessi staðfestist hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 2. janúar 1942.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

RÍKISSTJÓRAÚRSKURÐUR

3

17. jan.

um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. desember 1924, um skipun og skiptingu starfa ráðherra o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég hér með samkvæmt tillögu forsætisráðherra set eftirfarandi ákvæði:

Auk þeirra mála, sem samkvæmt konungsúrskurði frá 29. des. 1924, heyra undir dóms- og kirkjumálaráðherra, fer forsætisráðherra með landbúnaðarmál.

Af málum þeim, sem heyra undir forsætisráðherra, fer ráðherra Ólafur Thors með utanríkismál.

Af málum þeim, sem heyrt hafa undir atvinnu- og samgöngumálaráðherra, fer ráðherra Ólafur Thors með sjávarútvegsmál, önnur en sildarútvegsmál, siglingamál, önnur en strandferðamál, vegamál, sem og önnur mál, er að undanfögnu hafa heyrt undir atvinnu- og samgöngumálaráðherra, og ekki eru með úrskurði þessum lögð undir aðra ráðherra.

Af málum, sem heyra undir fjármálaráðherra, fer ráðherra Jakob Möller með öll mál önnur en bankamál og gjaldeyrismál, og enn fremur með iðnaðarmál, sveitarstjórnarmál (þar undir fátækramál og atvinnubótafé).